

**3. Fundur stjórnar – 15. Júní, 2023**

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 20:30.

Eftirtaldir aðalmenn í stjórn sátu fundinn: Dóra Magnúsdóttir ritari (DM), Guðný Margrét Emilsdóttir gjaldkeri (GME), Jóna Fanney Friðriksdóttur formaður (JFF), Leifur Björnsson (LB) og Snorri Steinn Sigurðsson varaformaður, (SSS). Að auki sátu varamennirnir Halldór Kolbeins (HK, fjar.bún.), Jóhanna Magnúsdóttir (JM, fjar.bún.) og Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ) fundinn.

Formaður setti fund kl. 20:35.

Dagskrá og afgreiðslur:

**1. Drög að samningi við Jakob Jónsson vegna styrks úr Endurmenntunarsjóði 2021 um gerð faghandbókar.**

Stjórn Endurmenntunarsjóðs vísaði málinu til stjórnar á fyrsta stjórnarfundinum sjóðsins, þ. 30 maí, sl. Formaður lagði fram fyrstu samningsdrög stjórnar við JJ. Á grundvelli umræðna á fundinum samþykkt að formaður (JFF) og SAÁ ljúki samningsdrögunum og sendi á stjórn til samþykktar.

**2. Félagsaðild og útgáfa skírteina.**

Formaður fór stuttlega yfir sögu afhendingu skjaldar og skírteina, fyrri tengsl félagsins við Leiðsöguskólann í Kópavogi og fleira er tengist sögu Leiðsagnar. Afhending skjaldar og plastskírteins hefur hingað til verið sú að einungis þeir félagar sem hafa lokið námi frá tilteknum skólum hafa fengið skírteini og skjöld þar sem stendur „certified guide“ en aðrir félagar Leiðsagnar einungis rafrænt skírteini. Sbr. liður 1. á fundi stjórnar þ. 24. maí sl, samþykkti stjórn því að setja þau mál á bið.

Formaður lagði fram tillögu um að allir félagar sem aðild eiga að Leiðsögn á árinu 2023 fái skírteini sendi óski þeir þess en þá með áletruninni „Félagi í Leiðsögn – Félag leiðsögumanna“ (einnig á ensku). Sýndi formaður tillögu á breytingu skírteinisins (prótótýpu) að þess konar skírteini frá þjónustuaðila.

Ljóst er hins vegar að laga þarf „prótótýpuna“ lítillaga og samþykkti stjórn að fela formanni að ljúka málinu, ásamt SAÁ sem einnig bauð fram krafta sína. Jafnframt samþykkt að stjórn verði búin að móta framtíðarlausn með útgáfu félagsskírteina og afhendingu skjaldar í haust, eða fyrir aukaaðalfund sem fyrirhugaður er 3ju viku septembermánaðar, 2023.

Öllum félögum Leiðsagnar verður sendur póstur innan skamms og þeim sem ekki hafa fengið skírteini boðið að fá slíkt félagsskírteini send.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

**3. Breytingar á starfshópi vegna upplýsingaöflunar fyrir kjarasamningsviðræður**

Samþykkt að Halldór Kolbeins fari í starfshópinn í stað Sigrúnar Pálsdóttur sem ákvað að segja sig frá verkefninu.

**4. Félagatal Leiðsagnar – bakgrunnur félagsmanna**

Rætt um æskilegt væri að gera nánari könnun meðal félagsmanna byggða á bakgrunni félagsmanna og lýðfræðilegum upplýsingum. Umræður um hvaða upplýsingar séu til og hvaða upplýsingum væri æskilegt að bæta við. Sigrún Pálsdóttir, aðalmaður í trúnaðarráði, hefur lýst yfir áhuga á að skoða þessi mál og framkvæma könnun meðal félagsmanna. DM ræði við hana um hvernig framkvæmd slíkrar könnunar yrði háttað. Formaður mun semja drög að erindisbréfi vegna verkefnisins.

**5. Staða á mati náms leiðsögumanna skv. Evrópustaðli.**

Starfslýsingar og hæfnikröfur leiðsögumanna sem MMS hópi var falið að vinna tókust með ágætum að mati fulltrúa Leiðsagnar í hópnum. Starfshópurinn hefur nú lokið störfum og tók starfslýsing leiðsögumanna mið af fjölmörgum umsögnum sem komu frá leiðsögumönnum sjálfum. Starfslýsingu hefur nú verið skilað til starfsgreinaráðs og hefur starfshópurinn átt fund með starfsgreinaráði í kjölfarið.

**6. Sumarfrí á skrifstofu**

Rætt um hvort loka ætti skrifstofu Leiðsagnar vegan sumarfrís starfsmanns. Tillaga formanns er að það verði sjálfvirk símsvörun hluta júlímánaðar þar sem félögum sé gefinn kostur á að senda tölvupóst sé málið brýnt. Bauðst formaður til að hafa viðveru á skrifstofu þá daga í júní og ágúst þegar starfsmaður tæki frí.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

**7. Þóknun stjórnar, formanns, viðræðunefndar 2023-2024**

SSS fór yfir hvernig málum hefur verið háttað varðandi þóknun til stjórnar undanfarin ár. Greiddar hafa verið kr. 5.000 kr. til aðalmanna í stjórn Leiðsagnar, þ.e. sama upphæð undanfarin ca. fimm til sex ár, fyrir hvern stjórnarfund sem aðalmenn sitja. DM gerir tillögu sinni um að þessi þóknun verði hækkuð upp í 6000 kr. í ljósi þess að hún hefur hækkað lengi og vegna verðbólgu. Varamenn sem koma inn í stað aðalmanna á stjórnarfundi verði greidd sama þóknun.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.

JM bókar að hún er ósátt við að varamenn fái ekki þóknun fyrir fundarsetur.

**Formaður:** JF, formaður vék af fundi við þennan lið og tók HK sæti hennar á meðan.

Samþykkt að ritari, varaformaður og gjaldkeri taki að sér að yfirfara ráðningasamninga starfsmanns og formanns, skoða röðun launa og laun/þóknunir fyrir sambærileg störf hjá öðrum stéttarfélögum af sambærilegri stærð.

**Viðræðunefnd:** Samþykkt að viðræðunefnd þiggi sömu laun í komandi kjarasamningalotu og í samningaviðræðum vegna síðustu kjarasamninga.

**8. Fundir stjórnar fram að hausti 2023**

Tillögur: fim. 29. júní, mið. 27. júlí, mið. 16. ágúst, mið. 30. ágúst. Dagsetningar þessar samþykktar af stjórn með fyrirvara um notkun forritsins „Doodle“.

**Önnur mál:****a. Forgangsröðun verkefna stjórnar**

Formaður sagðist myndu senda stjórnarfólki slóð á miðlægt sameiginlegt skjal þar sem verkefni stjórnar yrðu listuð upp, sett í tímalínu og þeim forgangsraðað.

**b. Kjarabrotamál**

Guðný Margrét Emilsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

*„Kjarabrotamál félagsmanna sem hafa verið send til Leiðsagnar, hver er staðan á þeim? Hafa öll eldri mál verið afgreidd og þá hvernig? Send til lögfræðings Leiðsagnar? Einhver mál sem eru fyrnd? Hver sá um afgreiðslu þessara kjarabrotamála. Hversu gömul eru elstu kjarabrotamálin?“*

Formaður svaraði því til að ný kjaranefnd þyrfti að fara að koma saman og taldi hún elsta málið vera frá árinu 2019. Sagðist hún vera byrjuð að setja sig inn í þessi eldri kjarabrotamál og mun fara yfir þau á fyrsta fundi kjaranefndar. Að mati formanns er málið brýnt og þolir enga bið lengur.

**c. Samskipti stjórnar á milli funda**

Tillaga kom frá DM um að stofnaður yrði lokaður (læstur) hópur þar sem stjórn hefði tök á að eiga óformlega samskipti, koma með hugmyndir og annað, þannig að hægt væri að draga úr sendingum tölvupósta stjórnarmanna.

*Fleira ekki rætt.  
Fundargerð borin upp og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 22:10  
Fundarritun: DM*